

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 3. maí 2021 vegna auglýsinga á tillögu á breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturlandsvegur, Kjalarnes Árvellir, Kjalarnes Hof, Kjalarnes Saltvík, Kjalarnes Vallá, Kjalarnes Skrauthólar, Kjalarnes Sætún 1 og Kollagrund 2 Klébergsskóli.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu á breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturlandsvegur, Kjalarnes Árvellir, Kjalarnes Hof, Kjalarnes Saltvík, Kjalarnes Vallá, Kjalarnes Skrauthólar, Kjalarnes Sætún 1 og Kollagrund 2 Klébergsskóli., birtist í Frétta-og Lögbirtingarblaðinu miðvikudaginn 5. maí nk.

Tillagan er í kynningu 5. maí 2021 til og með 22. júní 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóðum:

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/vesturlandsvegur>

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kjalarnes-arvellir-0>

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kjalarnes-hof-0>

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kjalarnes-saltvik-2>

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kjalarnes-valla-2>

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kjalarnes-skrautholar-1>

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kjalarnes-saetun-1>

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kollagrund-2-klebergsskoli>

Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Vesturlandsvegur

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturlandsvegar. Í breytingunni felst færsla á skipulagsmörkum á nokkrum stöðum, áætluð akstursundirgöng sunnan Grundarhverfis eru felld niður, almennar stígabreytingar, svæði fyrir hljóðvarnir skilgreindar o.fl. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Kjalarnes, Árvellir

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Árvalla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Árvalla er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að vesturlandsvegi færast í átt að Esjunni um 8-13 metra. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Kjalarnes, Hof

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Esjuhofs á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Esjuhofs hliðrast um 2-3 m til austurs, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Kjalarnes, Saltvík

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Saltvíkur er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, vegna breyttrar legu á nýjum stíg í tengslum við ný undirgögn undir Vesturlandsveg. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Kjalarnes, Vallá

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vallár á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun vesturhluta deiliskipulags Vallá er færð vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Kjalarnes, Skrauthólar

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skrauthóla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Skrauthóla er færð til austurs um nokkra metra, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, auk þess að stofnstíg er bætt við. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Kjalarnes, Sætún 1

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sætúns 1 á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Sætúns 1 er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að Vesturlandsvegi færast í lóðarmörk milli svæðis F annars vegar og hins vegar svæða A og B. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Kollagrund 2, Klébergsskóli

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar Klébergsskóla á Kjalarnesi, Kollagrund 2. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Klébergsskóla er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að vesturlandsvegi færast í átt að skólanum um u.þ.b. 5 metra. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **5.maí 2021 til og með 22. júní 2021**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 22. júní 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is